

FUNDARGERÐ

552. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 27. október 2016 kl. 15:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum og óskaði eftir að eftirtöldum atriðum yrði bætt á dagskrána:

- Fundargerð 22. fundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 25. október 2016 verður þá liður IV – 6 á dagskránni.
- Fjárhagsáætlanir Félags- og skólaþjónustunnar fyrir 2017 verður liður III-10 á dagskránni.
- Umsókn um rekstrarleyfi í heimagistingu vegna Víkurbrautar 10 verður liður II – 10 á dagskránni.
- Lögð fram fyrir hönd óstofnað félags umsókn um lóðirnar nr. 4, 6 og 8 við ónefnda götu norðan Austurvegar í Vík, verður liður II – 11 á dagskránni

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 17. fundar Íþrótt- og tómstundanefndar frá 6. október 2016.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. Fundargerð 225. fundar fræðslunefndar frá 18. október 2016.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Sveitarstjórn tekur undir þakkir nefndarinnar til fráfarandi leikskólastjóra Guðrúnar Rutar Bjartmarsdóttur og býður nýjan leikskólastjóra Guðnýju Guðjónsdóttur velkomna til starfa.

3. Fundargerð 244. fundar skipulagsnefndar frá 25. október 2016.

1. Þórisholt – lýsing aðalskipulagsbreytingar

Lögð fram lýsing á aðalskipulagsbreytingu vegna breytingar á u.þ.b. 3 ha landbúnaðarsvæðis úr landi Þórisholts í verslunar- og þjónustusvæði. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. Garðar og Reynisfjara – deiliskipulag.

Sveitarstjórn fór yfir afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu deiliskipulagsins og ákveður að leita eftir áliti lögmanns sveitarfélagsins á stöðu málsins.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Umsókn um styrk til verkefnisins „Að sunnan á N4“.

Fram var lagt erindi frá sjónvarpsstöðinni N4 þar sem óskað er eftir styrk til verkefnisins „Að sunnan“. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu að þessu sinni en telur að ef framhald verður á verkefninu verði tekið mið af stærð sveitarfélaganna á Suðurlandi við skiptingu kostnaðar.

2. Ágóðahlutur frá EBÍ 2016.

Fram var lagt bréf frá framkvæmdastjóra EBÍ þar sem tilkynnt er að ágóðahlutur sveitarfélagsins verði kr. 334.500 í ár, samþykkt að veita þessum fjármunum til forvarna í eldvarnarmálum í samvinnu við slökkviliðið.

3. Erindi frá lögreglustjóra varðandi sameiginlegan starfsmann að lögreglu- og almannavarnarmálum.

Fram var lagður samningur milli almannavarnarnefnda á Suðurlandi og Lögreglustjóra Suðurlands um ráðningu sameiginlegs starfsmanns til að sinna almannavarnarmálum. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

4. Erindi frá Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga.

Lagt fram til upplýsinga. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps bindur þó enn vonir við að samkomulag náist fyrir næstu áramót um framtíðarskipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Gerist það ekki verður að greiða til Brúar 20,8% lífeyrissjóðsgjald af öllum starfsmönnum í A deild sjóðsins.

5. Erindi frá Innanríkisráðuneytinu varðandi viðauka við fjárhagsáætlun.

Lagt fram til kynningar

6. Umsókn um lóðirnar Hátún 13 og 15 frá Óðni Gíslasyni Þráinn Sigurðsson vikur af fund undir þessum lið.

Sveitarstjórn samþykkir lóðaúthlutunina og felur sveitarstjóra að ganga frá lóðaleigusamningi við lórhafa. ÞS mætir aftur til fundarins.

7. Tilkynning um niðurfellingu á hluta af Ytri- Sólheimavegi nr 2285

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps mótmælir því harðlega að þessi vegur verði aflagður. Umræddur vegur liggur bæði að Ytri- Sólheimum 2 og Ytri- Sólheimum 3. Þótt ekki hafi um skeið verið föst búseta á Ytri-Sólheimum 3 er þar íbúðarhús og því örugglega um tímabundna stöðu að ræða. Þar fyrir utan liggur umræddur vegur að Sólheimakapellu og opinberum kirkjugarði í Skeiðflatarsókn.

8. Reykjavíkúakademían beiðni um styrk vegna málþings um Fjölmiðla í almannabágu

Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu.

9. Stígamót beiðni um styrk vegna ársins 2017.

Sveitarstjórn getur ekki orðið við erindinu

10. Erindi frá sýslumanni vegna umsóknar um rekstrarleyfi vegna heimagistingar á Víkurbraut 10

Sveitarstjórn frestar afgreiðslunni á þeirri forsendu að bílastæði sem sýnd eru við austurgafli hússins ófullnægjandi.

11. Umsókn um lóðirnar nr. 4, 6 og 8 við ónefnda götu norðan Austurvegar fyrir hönd óstofnaðs félags.

Eiríkur Pálsson Pro-Ark Teiknistofu sækir um lóðirnar nr. 4, 6 og 8 við ónefnda götu norðan Austurvegar. Félagið hefur í hyggju að byggja á lóðunum 25, íbúðir og u.þ.b. 250 m² verslunarrými.

Sveitarstjórn samþykkir úthlutunina.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Beiðni um yfirdráttarheimild Hjallatúns

Sveitarstjórn undirritaði beiðni til Arionbanka um yfirdráttarheimild til handa Hjallatúni að upphæð kr. 10.000.000. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn heimild til að veita Hjallatúni skammtíma lán að upphæð kr. 3 milljónir úr sveitarsjóði.

2. Rammasamningur um þjónustu hjúkrunarheimila

3. Kröfulýsing fyrir hjúkrunarheimili

Hvorutveggja lagt fram til upplýsinga. Sveitarstjóri fór yfir framlögð gögn og gerði grein fyrir þeim. Að sjálfsgöðu ber að fagna því að náðst hefur nokkur áfangi í því að bæta rekstur hjúkrunarheimila í landinu, en því miður er nokkuð ljóst að sá samningur sem hér um ræðir mun

ekki duga til þess að hægt verði að reka Hjallatún hallalaust. Enn á eftir að funda um smæðarálagið og reyna að ná samkomulagi við Sí um hækkun á því a.m.k. til minnstu heimilanna. Rekstarnefnd Hjallatúns mun ásamt forstöðumanni Hjallatúns fara vandlega yfir samninginn og reyna að finna leiðir til að halda rekstrinum innan þeirra heimilda sem hann gefur. Sveitarstjórn samþykkir að Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún gerast aðili að þessum samningi og felur sveitarstjóra að tilkynna Sjúkratryggingum Íslands þá ákvörðun.

4. Frumvarp að fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2017.

5. Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps fyrir árið 2017 – 2020 fyrri umræða.

6. Framkvæmdáætlun ársins 2017.

Eftir ítarlegar umræður um fjárhagsáætlun 2017 – 2020 samþykkti sveitarstjórn að vísa áætluninni til síðari umræðu.

7. Samningur um skólaakstur 2016 – 2017.

Fram var lagður samningur um skólaakstur við Hóþferðabíla Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir samninginn.

8. Viljayfirlýsing um stuðning við Jarðvangsverkefnið

Á ársfundi SASS sem haldinn var á Hnappavöllum í Örafum þann 20. október undirritaði forsætisráðherra ásamt sveitarstjórum þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri Kötlu jarðvangs yfirlýsingu um samstarf um fjármögnun Jarðvangsins næstu 5 árin. Forsætisráðuneytið mun í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar, beita sér fyrir 20 milljón króna framlagi á ári úr ríkissjóði til Jarðvangsins næstu 5 árin.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fagnar þessu samstarfi og þakkar forsætisráðherra fyrir stuðning hans við málið.

9. Verndarsvæði í byggð.

Fram var lagt bréf frá Minjastofnun Íslands þar sem fram kemur að Mýrdalshreppi hafi verið úthlutað samtals kr. 6.325.000. krónum til gerðar tillögu að verndarsvæði í byggð. jafnframt var lagt fram minnisblað skipulags- og byggingarfulltrúa um verkefnið.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkurinn verði nýttur til að vinna tillögu að verndarsvæði í byggð fyrir vesturhluta Víkurþorps og felur sveitarstjóra og skipulags- og byggingarfulltrúa að ganga frá samningum um verkið við þar til bæra aðila.

10. Fjárhagsáætlanir félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu fyrir árið 2017.

Fram voru lagðar fjárhagsáætlanir félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu sem samþykktar hafa verið í stjórn byggðasamlagsins. Áætlanirnar gera ráð fyrir verulegum hækkunum á rekstrarkostnaði beggja eininganna, en heildar rekstrarkostnaðurinn fer úr áætluðum rúmum 113 milljónum 2016 í 129 milljónir á næsta ári. Á starfstíma byggðasamlagsins hefur kostnaður Mýrdalshrepps vegna félags- og skólaþjónustu án þáttar sem snýr að málefnum fatlaðs fólks hækkað um 77%, á sama tíma hafa launabreytingar innan sveitarfélagsins verði 27%. Mýrdalshreppur staðfestir fjárhagsáætlanirnar fyrir sitt leyti, en leggur áherslu á að gætt verði fyllsta aðhalds í rekstri byggðarsamlagsins og að leitað verði fyrirfram eftir samþykki allra aðildarsveitarfélaga komi til aukning á útgjöldum þess.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð 20. fundar stjórnar Bergrisans bs. þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi frá 24. ágúst 2016

Lagt fram til kynningar

2. Fundargerð 21. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 27. september 2016.

Lagt fram til kynningar.

3. Fundargerð 175. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 30. september 2016

Lagt fram til kynningar

4. Fundargerð stjórnar SASS frá 30. október 2016

Lagt fram til kynningar

5. Bergrisinn bs Ársreikningur 2015

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.30.

Elín Einarsdóttir oddviti

Ingi Már Björnsson

Þráinn Sigurðsson

Hafdís Eggertsdóttir

Pálmi Kristjánsson